

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2021, fimmtudaginn 16. september, var haldinn 31. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.03. Fundinn sátu: Þorkell Heiðarsson, Rannveig Ernudóttir, Bergþór G. Böðvarsson, Björgvin Björgvinsson og Hanna Björk Kristinsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir og Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Tómas Ingi Adolfsson, sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundabúnaði: Anna Kristinsdóttir, Bragi Bergsson og Þórdís Linda Guðmundsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar. R19120168
2. Lagt er fram bréf Öryrkjabandalags Íslands, dags. 10. september 2021, með tilkynningu um nýjan aðalfulltrúa ÖBÍ í aðgengis- og samráðsnefnd. R21020028
3. Fram fer umræða um gjaldskyldu fyrir P-korthafa í bílastæðahúsum. R21030130
4. Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, ódags., að útfærslu á aðgengilegu salerni í Ráðhúsi Reykjavíkur. R21090113

Starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs falið að vinna málið áfram. Starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs er jafnframt falið að koma því í ferli að bæta aðgengi sjónskertra í Ráðhúsi t.d. með því að óska eftir merkingum á tröppum sem og að kannaðir verði möguleikar á ljósmælingu inni á salernum.

Samþykkt.

5. Fram fer umræða um kaup á lyftu í Laugardalslaug. R21090145
Aðgengis- og samráðsnefnd samþykkir tillögu umhverfis- og skipulagssviðs um lyftukaup.
6. Fram fer umræða um handbók Landssamtakanna Þroskahjálpar, ódags., um notendasamráð. R21090080
7. Lögð eru fram drög, ódags., að umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 15. október 2020, um störf aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. R20100130

Samþykkt.

8. Fram fer umræða um aðgengi að kjörstöðum. R20090044

Fundi slitið kl. 15.06

Þorkell Heiðarsson

Rannveig Ernudóttir
Bergþór G. Böðvarsson
Björgvin Björgvinsson
Lilja Sveinsdóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir
Hanna Björk Kristinsdóttir
Ingólfur Már Magnússon